



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Áhrif sáttamiðlunar fyrir ungmenni sem leiðst hafa út í afbrot

Eva Dögg Sæmundsdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2023

Áhrif sáttamiðlunar fyrir ungmenni sem leiðst hafa út í afbrot

Eva Dögg Sæmundsdóttir

12 eininga lokaverkefni [á áherslusviðinu afbrotafræði]
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Guðmundur Oddsson

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2023

Titill: Áhrif sáttamiðlunar fyrir ungmenni sem leiðst hafa út í afbrot
Stuttur titill: sáttamiðlun
12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2023 Eva Dögg Sæmundsdóttir
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Eva Dögg Sæmundsdóttir, 2023, bakkalárprófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, XX bls.

Prentun: Reykjavík
Akureyri, maí, 2023

Ágrip

Afbrot ungmenna er alvarlegt og útbreitt vandamál. Til eru ýmis úrræði til að bregðast við hinum ýmsu afbrotum og fara þau eftir alvarleika brota. Eitt af þessum úrræðum er sáttamiðlun. Sáttamiðlun er mikið notuð erlendis í tengslum við afbrot ungmenna, þar sem unnið er að því að skila einstaklingum betri út í samfélagið. Sáttamiðlun virkar þannig að brotamaður, brotþoli, foreldri eða forráðamaður og sáttamiðlari koma saman við borð og ræða brotið sem átti sér stað. Hér fær brotþoli tækifæri til að stjórna ferðinni og fá möguleg svör við þeim spurningum sem hann hefur um atburðinn sem átti sér stað. Þetta getur aðstoðað brotþola við bataferlið. Tilgangur sáttamiðlunar í brotamálum er að fá brotamann til þess að taka ábyrgð á gjörðum sínum og að þeir einstaklingar sem eiga hlut að í máli gangi betri frá borði. Sáttamiðlun getur reynst ungmönnum góð þar sem þau eru enn að þroskast og geta mögulega lært af þeim mistökum sem gerð hafa verið. Markmiðið með þessu verkefni er að skoða hver áhrif sáttamiðlunar eru fyrir ungmenni sem framið hafa afbrot. Afbrot ungmenna á Íslandi þykja mikið áhyggjuefni meðal lögreglu, foreldra og annarra í samfélaginu. Aðstæður ungmenna geta verið ýmiskonar og haft mikil áhrif á hegðun þeirra. Ákvarðanir sem ungir einstaklingar taka geta oft verið slæmar og haft áhrif á hvernig framtíð þeirra verður. Skoðað verður hvort að aðferðin sáttamiðlun sé gott eða hentugt úrræði fyrir ungmenni með því að skoða fyrirbyggjandi rannsóknir sem gerðar hafa verið í hinum ýmsu löndum, meðal annars rannsóknir frá Íslandi. Sáttamiðlun er aðferð sem má nota á marga vegu og verður skoðað betur hvernig Norðurlöndin hafa nýtt sér sáttamiðlun í tengslum við afbrot ungmenna og hvort þessi aðferð gæti gagnast Íslandi eitthvað þegar kemur að minniháttar afbrotum ungmenna.

Lykilorð: Uppbyggileg réttvísi, sáttamiðlun, ungmenni, afbrot

Abstract

Youth delinquency is a serious and widespread problem. There are many different resources available to deal with the various crimes, depending on the seriousness of the crime. One of these resources is alternative dispute resolution also known as ADR. That method has proven to work well for young people as they are still developing and can possibly learn from the mistakes They have made. Mediation is a method that works by bringing together the offender, victim, a parent and a mediator come together to discuss the committed offense that took place. The victim gets the opportunity to lead the mediation and get possible answers to questions about the crime. This can help the victim in the recovery process. The purpose of the mediation in criminal cases is to get the offender to take responsibility for his actions and for the individuals involved to leave the mediation better than before.

The aim of this project is to examine the effects of ADR for young people who have committed crimes. Youth crimes in Iceland are a major concern among the police, parents and others in the society. The circumstances of young people can be various and they can affect their behavior. Young peple often make bad decisions which can affect how their future plays out. It will be further looked at whether or not the method of ADR is a good or suitable resource for young people by looking at the available research that has been done in various countries, including research from Iceland. ADR is a method that can be used in many ways, and we will take a closer look at how the Nordic countries have been using ADR in relation to juvenile delinquency and whether this method could benefit Iceland in any way when it comes to minor juvenile delinquency.

Key words: Restorative justice, alternative dispute resolution, youth, delinquence

Þakkarorð

Sérstakar þakkir fær Guðmundur Oddsson, leiðbeinandi minn í þessu verkefni fyrir ómetanlegan stuðning, frábæra leiðsögn og hvatningu í gegnum skrif verkefnisins. Ég vil þakka mömmu og Guðrúnu fyrir yfirlestur, ráðleggingar varðandi verkefnið og besta stuðning sem einhver getur beðið um. Kærastinn minn hann Elvar fær einnig sérstakar þakkir fyrir besta stuðninginn í einu og öllu. Einnig vil ég þakka æðislegu stelpunum sem eru með mér í náminu fyrir æðisleg ár saman í náminu.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga lokaverkefni í félagsvísindum við hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri og er skrifuð á vorönn 2023. Leiðbeinandi verkefnisins var Guðmundur Oddsson, dósent í félagsfræði við hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Verkefni var framkvæmt út frá fyrirbyggjandi rannsóknum.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
2	Lykilhugtök	9
2.1	Ungmenni	9
2.2	Afbrot	10
3	Fræðilegur bakgrunnur	1
3.1	Uppbyggileg réttvísi	1
3.2	Sáttamiðlun	3
3.3	Aðferðir til að draga úr alvarleika brota	5
4	Niðurstöður	7
4.1	Rannsóknir á áhrifum sáttamiðlunar	8
4.1.1	Nýja Sjáland	8
4.1.2	Bandaríkin og Kanada	9
4.1.3	Noregur, Finnland og Danmörk	10
4.1.4	Ísland	12
4.2	Rök með og á móti sáttamiðlun	13
4.3	Niðurstöður rannsókna	14
5	Samantekt og niðurlag	16

1 Inngangur

Vísbendingar eru um að ofbeldishegðun ungmenna (e. youth violence) hafi aukist héraendis síðustu ár (Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, 2023) og hafa foreldrar, lögreglan og skólayfirvöld lýst yfir þungum áhyggjum af þessari þróun. Að sama skapi bendir ýmislegt til þess að vopnaburður meðal ungmenna hafi aukist, en samkvæmt óbirtri rannsókn Margrétar Valdimarsdóttur afbrotafræðingsins telja um 7% ungmenna héraendis sig þurfa að bera vopn sér til varnar (Helgi Gunnlaugsson, 2023). Með hugtakinu ungmenni er átt við einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna (United Nations, e.d.).

Ofbeldi ungmenna (WHO 2020) og almenn afbrotahegðun (e. youth crime) (United Nations, e.d.) eru útbreidd vandamál á heimsvísu en aldurs og afbrotakúrfan sýnir að afbrotahegðun nær hámarki á seinni hluta unglingsáranna en svo dregur verulega úr afbrotahegðun upp úr tvítugu (Farrington o.fl., 2019). Margt getur haft áhrif á það að ungmenni leiðist út í afbrot og sýni ofbeldishegðun. Sem dæmi benda rannsóknir til þess að ungmenni séu alla jafna hvatvísari og minna meðvituðum afleiðingar gjörða sinna en þeir sem eldri eru (Gottfredson og Hirschi, 1990). En almenna afbrotakenningin (e. general theory of crime) auðkennir einmitt skort á sjálfstjórn sem helstu rót afbrotahegðunar (Gottfredson og Hirschi, 1990). Ýmislegt er hægt að gera til að stemma stigu við afbrotum ungmenna eins og til að mynda að halda námskeiðum sem hjálpa ungmendum að stjórna reiði sinni, leysa úr átökum og þróa með sér færni til að leysa vandamál. Einnig eru til námskeið fyrir foreldra til að takast á við ofbeldishegðun barna sinna og skólayfirvöld geta haldið fræðslur sem forvörn gegn ofbeldi og afbrotum (WHO, 2020).

Eitt af úrræðum til þess að takast á við afbrotahegðun ungmenna er svokölluð sáttamiðlun (e. victim-offender mediation), einnig þekkt sem sáttaumleitun (e. Alternative dispute resolution, ADR). Tilgangur sáttamiðlunar er að komast að samkomulagi milli þeirra aðila sem eiga hlut að máli. Sáttamiðlun fer fram með hlutlausum aðila sem kallast sáttamaður. Hægt er að nota sáttamiðlun á margvíslegan hátt og eru til margar mismunandi tegundir af aðferðinni. Sáttamiðlun veitir brotapolu tækifæri til að tjá sínar tilfinningar og

þarfir sem og að veita geranda tækifæri á að viðurkenna sitt brot og taka ábyrgð á gjörðum sínum (Johnstone og Ness, 2009).

Sáttamiðlun í tengslum við afbrotahæðun ungmenna hefur mikið verið rannsökuð erlendis og hafa mörg lönd innleitt sáttamiðlun inn í sín réttarkerfi. Sáttamiðlun hefur einnig verið reynd hér á landi en niðurstöður þeirra fáu rannsókna sem til eru hérlendis gefa í skyn að sáttamiðlun geti skilað góðum árangri. Fyrri rannsóknir benda til þess að þátttaka í sáttamiðlun geti dregið úr því að einstaklingur brjóti aftur af sér. Sem dæmi sýnir rannsókn á áhrifum sáttamiðlunar á síbrotamenn að tíðni endurbrota var lægri hjá þeim sem tóku þátt í sáttamiðlun heldur en hjá samanburðarhópnum sem tóku ekki þátt (Jonas-van Dijk o.fl., 2020). Sáttamiðlun hefur einnig verið reynd hér á landi en lítið er til af hérlendum rannsóknum. Reynsla hlutaðeigandi bendir hins vegar til þess að sáttamiðlun geti skilað góðum árangri hérlendis (Stjórnarráðið, 2004).

Í þessari ritgerð verður grafið fyrir um áhrif sáttamiðlunar fyrir ungmenni sem leiðst hafa út í afbrot. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: *Hvernig hefur sáttamiðlun gefist sem úrræði fyrir ungmenni sem leiðst hafa út í afbrot?* Rannsóknarspurningunni verður svarað á grundvelli fyrirliggjandi rannsókna.

Það sem vakti áhuga minn á þessu viðfangsefni var aukin umræða um vopnaburð ungmenna á Íslandi sem og umræðan um ofbeldishegðun ungmenna í samfélaginu. Með þessari ritgerð vil ég stuðla að upplýstri umræðu um hvernig megi bregðast við auknu ofbeldi á sem skynsamlegastan hátt. Aukin refsiharka er ekki alltaf lausnin eins og Margrét og Helgi hafa bæði bent á ef aðal markmiðið er að fækka afbrotum með því að leiða ungmenni aftur inn á rétta braut. Börn og unglínga skortir alla jafna reynslu og þroska til þess að átta sig á afleiðingum gjörða sinna og eðli refsinga (Jónatan Þórmundsson, 1991).

Ólöf Ásta Farestveit, forstjóri Barna- og fjölskyldustofu segir að „börn eru alltaf börn þótt málin séu grafalvarleg þar sem heilinn er ekki orðinn nógu þroskaður til þess að taka rökstuddar ákvarðanir“ (Ólöf Ásta Farestveit, 2023). Því er mikilvægt að hægt sé að bjóða upp á fleiri úrræði sem styðja við betrun hjá ungmönnum eins og til dæmis sáttamiðlun er. Sáttamiðlun er oftast notuð þegar brotamaður brýtur af sér í fyrsta skipti (O'Connell o.fl., 1999). Sáttamiðlun getur skilað þeim árangri að brotapolan finnst í lagi að umgangast brotamann og getur það reynst honum vel í framtíðinni þar sem það veitir brotapolan öryggistilfinningu (O'Connell o.fl., 1999).

Hér á eftir verður fjallað um lykilhugtök ritgerðarinnar: Ungmenni, afbrot, uppbyggilega réttvísi og sáttamiðlun. Í fræðilega bakgrunninum verður rýnt í fyrirbyggjandi rannsóknir á áhrifum sáttamiðlunar fyrir ungmenni sem leiðast út í afbrot. Að lokum tek ég saman og dreg ályktanir út frá helstu niðurstöðum.

2 Lykilhugtök

2.1 Ungmennni

Í þessari ritgerð er stuðst við aðþjóðlega skilgreiningu á ungmennum (e. youth) og vísar hún til einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára (United Nations, e.d.). Hér verður þó einkum einblínt á einstaklinga á aldrinum 15 til 18 ára því afbrotatölfræði víðs vegar að úr heiminum sýnir að afbrotatíðni nær almennt hámarki á seinni hluta unglingsára en svo dregur mjög úr tíðninni upp úr tvítugu. Þessu er lýst í hinni svokölluðu aldurs og afbrotakúrfu (e. age-crime curve) sem er mjög svipuð milli landa og yfir tíma (Farrington o.fl., 2019). Sakhæfisaldurinn á Íslandi er 15 ára og því er leyfilegt að svipta einstaklinga frelsi eftir að þeim aldri hefur verið náð ef þörf er á. Aldur er eitt það mikilvægasta þegar kemur að því að flokka glæpi eftir alvarleika þeirra (Tibbetts og Hemmens, 2014). Litlar líkur eru á því að 10 ára einstaklingur sem brýtur af sér verði handtekinn. Ef svo ungur einstaklingur brýtur alvarlega af sér á þessum aldri eru miklar líkur á því að sá einstaklingur haldi áfram á þeirri leið þegar hann eldist (Tibbetts og Hemmens, 2014).

Í Bandaríkjunum eykst tíðni alvarlegra glæpa hjá börnum á aldursbilinu 10 til 17 ára. Afbrotatíðnin nær síðan hámarki hjá einstaklingum sem eru um 17 ára. Um 20 ára aldur er sagt að líkurnar á því að einstaklingur brjóti af sér minnki um 50% miðað við fyrrnefndum aldurshópi. Hér er verið að miða við alvarlega götuglæpi en þeir eiga sér oftast stað meðal almennings og oftast en ekki tengt ofbeldi (Tibbetts og Hemmens, 2014). Þegar horft er á glæpi út frá kyni má sjá að karlar eru mun líklegri en konur til að fremja alvarlega götuglæpi. Samkvæmt rannsóknum í Bandaríkjunum voru karlar í 80-98% tilfella þeir sem frömdu götuglæpina. Strákar eru þegar kemur að glæpum og ættu að vera til staðar úrræði fyrir þennan aldurshóp svo hægt sé að minnka tíðni glæpa (Tibbetts og Hemmens, 2014).

Á heimasíðu Lögreglunnar má finna fræðsluefni um hvernig eigi að koma í veg fyrir afbrot hjá ungu fólki. Þar kemur fram að foreldrar og þeir sem vinna með ungmennum þurfi að vera vakandi fyrir brotlegri hegðun og ræða við börnin um þessi mál, hvað megi gera og hvað ekki. Taka þarf skýrt fram hvaða afleiðingar slík brot geti haft í för með sér og hættuna

sem þeim fylgir. Einnig að ábyrgð fylgi því að hafa verið á staðnum sem áhorfandi ef eitthvað alvarlegt gerist (Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, ekkert ártal). Síðustu mánuði hefur mikið verið fjallað um hnífsburð meðal ungmenna á Íslandi. Eru þetta ungmenni undir 18 ára aldri og hefur það komið fyrir að ungmennin noti hnífana þegar upp kemur ágreiningur milli manna. Mikilvægt sé að útskýra fyrir ungu fólki að taka alls ekki þátt í slagsmálum, fylgja ekki ofbeldissíðum né horfa á myndbönd sem innihalda slagsmál á samfélagsmiðlum og að taka ekki upp myndbönd af slagsmálum eða dreifa slíkum myndböndum (Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, ekkert ártal).

2.2 Afbrot

Afbrot eru brot á þeim meginreglum sem settar eru í hverju samfélagi fyrir sig. Reglurnar eru settar sem hegningarlög og því hægt að refsa fyrir slík brot. Refsingarnar geta verið misjafnar og fara þær eftir alvarleika brotanna, allt frá sektum til fangelsunar. Refsingarnar fara einnig eftir aldri afbrotamanns. Afbrotamenn undir 18 ára aldri eru ekki líklegir til þess að fá fangelsisvist sem refsingu nema um virkilega alvarlegt brot sé að ræða (Helgi Gunnlaugsson, 2003). Samkvæmt 22. gr. um *Lög um vernd barna og ungmenna* er barnaverndarnefnd heimilt í samráði við foreldra að vista barn til skammtímameðferðar sem og rannsóknar í allt að 4 vikur í senn og þarf það að gerast á viðeigandi stofnun (Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58, 1992). Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni eða með sérstakan talsmann ef því er að skipta, sbr. 2. og 3. mgr. 46. gr. Það þarf upp á vistun barna þar sem slíkt getur haft áhrif á heilsu eða þroska barnsins (Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58, 1992).

Til eru margar kenningar á sviði afbrotafræði og útskýra þær allar mismunandi sjónarhorn afbrota og afbrotamanna, hugsunina á bakvið brotin og hvað fær þessa einstaklinga til að brjóta á viðmiðum samfélagsins. Sumar kenningar tengja einstaklinginn við glæpinn, að einstaklingurinn hafi vegið kosti og galla við að fremja afbrotið og velji þannig meðvitað að gera slíkt eða ekki (John Tierney, 1996,2006,2010). Aðrar kenningar kveða á um að það sé á ábyrgð samfélagsins að tryggja íbúum þess öruggan og góðan stað að búa á og þannig ættu þeir að koma í veg fyrir afbrot. Hér er til dæmis hægt að skoða heimilisaðstæður ungmenna og sjá hvort þær hafi áhrif á brotlega hegðun þeirra (John Tierney,

1996,2006,2010). Þeir einstaklingar sem hafa minni sjálfstjórn en aðrir sækjast mun fremur í að upplifa fljóta umbun samkvæmt kenningunni um afbrot og héldu Gottfredson og Hirschi því fram að lítil sjálfstjórn gæti útskýrt allar tegundir afbrota. Margt getur haft áhrif á það hvers vegna sumir einstaklingar hafi minni sjálfstjórn en aðrir en samkvæmt kenningu Gottfredson og Hirschi töldu þeir einnig að foreldrar og uppeldið hafi mikil áhrif á þessa hegðun. Þetta fer allt eftir því hvenær einstaklingar þróa með sér sjálfstjórnina og hvort þeir nái að viðhalda henni eftir því sem þeir verða eldri (Jenkins o.fl., 2017)

Einhverjar kenningar kveða á um að til séu einstaklingar sem hafi dulda eiginleika sem ráða því hvernig þeir bregðist við ákveðnum neikvæðum aðstæðum, en slíkar kenningar falla einnig inn á svið sálfræðinnar. Með því að fræðast og lesa sér til um þessar kenningar má læra inn á neikvæða hegðun einstaklinga og jafnvel koma í veg fyrir að einhverjir þeirra haldi áfram að fremja glæpi. Gott getur verið fyrir sálfræðinga að gera slíkt, en þeir eru í aðstöðu til að hjálpa afbrotamönnum að komast aftur inn í samfélagið eftir að hafa framið glæpi (Criminology, 2018). Til þess að komast betur að því afhverju ungmenni fremji glæpi, er hægt að notast við allar þessar kenningar og aðrar á sviði afbrotafræðinnar. Þannig er hægt að grípa snemma inn í hjá ungu fólki og koma þeim á beinu brautina áður en það verður of seint.

Margt getur haft áhrif á það hvort ungmenni brjóti af sér eða ekki og getur það oft verið augnabliks ákvörðun sem einstaklingurinn sér síðan eftir að hafa tekið. Því er gott að hafa sáttamiðlun til takst þar sem einstaklingur getur útskýrt brotið og tekið ábyrð á gjörðum sínum. Með því að notfæra sér sáttamiðlun gefst þannig tækifæri til að bregðast við afbrotum ungmenna á uppbyggilegri hátt en ella. Er sáttamiðlun talin hafa aukin varnaðar- og uppeldisáhrif fyrir þau ungmenni sem gerast brotleg (Ríkissaksóknari, 2023).

3 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður rýnt betur í þær kenningar sem tengjast sáttamiðlun í tengslum við afbrot ungmenna. Kenningarnar sem koma hér fram eiga að útskýra betur hugtökin uppbyggileg réttvísi og sáttamilun. Farið verður yfir hvaða áhrif sáttamiðlun hefur á ungmenni sem framið hafa afbrot. Sáttamiðlun og uppbyggileg réttvísi eru eitt af mörgum úrræðum sem notað hefur verið í tengslum við afbrot ungmenna.

3.1 Uppbyggileg réttvísi

Það fyrsta sem flestum dettur eflaust í hug ef einhver verður uppvís að alvarlegu broti er það að viðkomandi eigi að fara í fangelsi, enda er það „viðurkennda“ lausnin við alvarlegum afbrotum í dag. Til eru ýmsar aðrar aðferðir og lausnir til að refsa og stemma stigu við afbrotum og er ekki einhver ein aðferð eða lausn sem hentar í öllum tilvikum. Minniháttar afbrot, eins og minniháttar líkamsárásir, vasapjófnaður eða búðastuldur, væri sem dæmi oft hægt að leysa með til dæmis sáttamiðlun eða öðrum slíkum úrræðum sem byggjast á uppbyggilegri réttvísi (e. restorative justice).

Sá sem fyrstur er sagður hafa kynnt hugtakið uppbyggileg réttvísi (e. restorative justice) er Albert Eglash og var það árið 1977 en hann vildi byggja nýja formið af réttvísi á endurhæfingu (Christian B. N. Gade, 2020). Hugmyndafræðin á bakvið uppbyggilega réttvísi nútímans má rekja til Randy Barnett og Albert Eglash. Þeir gáfu út greinina „Beyond Restitution: Creative Restitution“ árið 1977 sem útskýrði hugmyndafræðina betur. Howard Zehr þróaði þá hugmynd enn frekar og sagði frá í grein sinni „Changing Lenses“ ásamt Nils Christie sem er norskur afbrotafræðingur. Allir eiga þeir það sameiginlegt að halda því fram að hefðbundna refsikerfið sé ófullnægjandi, bæði fyrir brotamann og brotþola (Kathleen Daly, 2013). Til eru margar útgáfur af réttvísi og þegar talað er um uppbyggilega réttvísi er henni gjarnan stillt upp sem öðrum valkosti en endurgjalds réttvísi (e. retributive justice). Endurgjalds réttvísi felst í því að fá sakborning til að sanna sök og dæma til refsingar fyrir

brotið. Í slíku ferli mætast brotþoli og brotamaður nánast ekki neitt sem er frábrugðið hugmyndum uppbyggilegrar réttvísi og sáttamiðlunar (Mark S. Umbreit, 1998).

Tilgangur uppbyggilegrar réttvísi (e. restorative justice) byggðist aðallega á því að styðja við brotþola og ná þannig fram réttlæti fyrir þann aðila. Þessi aðferð átti að miða að því að lækka ítrekunartíðni afbrota sem leiðir til þess að minna álag verður á dómstóla sem og að fækka frelsissviptandi refsingum (Van Ness, o.fl., 2010). Vitað er að afbrot veldur miklum skaða og hefur bæði áhrif á brotþola og brotamann en með því að beita uppbyggilegri réttvísi á að bæta fyrir þann skaða eða draga úr áhrifum hans. Það er gert með því að koma til móts við þarfir geranda að mestu leit (Stjórnarráðið, 2004). Markmiðið með uppbyggilegri réttvísi er að fá brotamanninn til að axla ábyrgð á gjörðum sínum sem og gera sér grein fyrir þeim skaða sem hann hefur valdið öðrum (Kawalek, o.fl., 2002). Þegar ungur afbrotamaður þarf að horfast í augu við glæpinn sem hann framdi og taka ábyrgð á honum, þá er ungmennið líklegra til að taka brotið alvarlega, sjá eftir gjörðum sínum og meiri líkur eru á því að brotamaðurinn brjóti ekki aftur af sér.

Uppbyggileg réttvísi hugar að meiru en einungis lögfræðilegu hlið réttarkerfisins, heldur er úrræðið einnig félagslegt. Unnið er með tilfinningar þeirra einstaklinga sem eiga hlut að máli sem þekkt ekki með þeim hætti í hinum hefðbundnu réttarkerfum. Markmið uppbyggilegrar réttvísi er að breyta þeim hugsunarhætti sem einstaklingar hafa á réttarkerfinu, þar sem þekktast er að refsar brotamanni fyrir glæp með einhverjum öðrum hætti. Úrræðið gengur út frá því að einstaklingar fremji glæpi vegna félagslegra þátta og samskiptum við annað fólk (Marshall, 1999).

Kenningar um uppbyggilega réttvísi má rekja langt aftur í tíma eða til Forn-Grikkja og upphafs Rómaveldis. Um 1970 á uppbyggileg réttvísi að hafa verið tekin upp aftur í nútímalegri mynd, eða líkari þeim aðferðum sem við þekkjum í dag (Gavrielides, T., 2020) en í grunninn voru þær notaðar í þeim tilgangi að leysa deilur og bregðast við afbrotum. Í Kanada og Nýja-Sjálandi var kallað til svokallaðra fjöldafunda. Stefnan um uppbyggilega réttvísi kom síðan fram um árið 1960 og fjallaði sú stefna um það að brotþoli væri sá sem bæri skaða af afbroti og að þörf væri á fleiri viðurlaga valkostum en fangelsunum. Sú aðferð lagði það til að það gæti hugsanlega haft uppbyggileg áhrif að skylda brotamann til þess að greiða brotþola bætur og að það gæti haft góð áhrif á almenning ef brotamaður reyndi að bæta fyrir brot sitt (Gavrielides, T., 2007)

Samtök Mennóníta voru kristileg samtök sem áttu rætur að rekja til Bandaríkjanna og áttu stóran þátt í þeirri þróun sem stefnan átti innan Bandaríkjanna (Kawalek o.fl. 2002). Mennirnir Howard Zehr og Mark Umbreit skrifuðu fjölda bóka og greina um uppbyggilega réttvísi og voru þeir einnig hluti af samtökum Mennóníta. Uppbyggileg réttvísi byggist að mestu leiti upp á sáttamiðlun og er þar að leiðandi einn mikilvægasti hluti aðferðarinnar og er úrræðið uppbyggileg réttvísi talin nýtast fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, fólki sem kemur úr öllum stéttum sem og trúarhópum (Kawalek o.fl. 2002).

3.2 Sáttamiðlun

Sáttamiðlun (*e. victim-offender mediation*), einnig þekkt sem sáttumleitun er skilgreind sem aðferð til lausnar ágreinings milli aðila. Sáttamiðlun er ferli sem felur í sér samskipti milli hagsmunaaðila. Sáttamiðlun getur verið notuð í margvíslegum tilgangi eins og til að mynda þegar upp koma erjur eða ósætti milli einstaklinga (Kawalek o.fl. 2002). Þegar sáttamiðlun er beitt í tengslum við sakamál þurfa samskiptin að lágmarki að vera milli brotþola og brotamanns en oft eru kallaðir inn fleiri aðilar til að aðstoða við samskiptin. Þá er tekinn inn hlutlaus aðili sem kallast þá sáttamiðlari. Þessi aðferð veitir brotþolanum tækifæri til að tjá sínar tilfinningar og þarfir sem og að veita geranda tækifæri á að viðurkenna brot sitt og taka ábyrgð á gjörðum sínum (Johnstone og Ness, 2007). Í byrjun mátti finna sáttamiðlun undir nafninu „sættir brotþola og brotamanns“ (*e. victim-offender reconciliation*) en í dag þekkjum við það betur undir heitinu „sáttamiðlun brotþola og brotamanns“.

Þegar brot er framið og einhver er ákærður fyrir slíkt er farið í að finna besta úrræðið fyrir brotamann. Þegar sáttamiðlun verður fyrir valinu er best að nýta þá aðferð sem fyrst eftir brotið. Ferlið skilar þannig betri niðurstöðum þar sem minningar brotamanns og brotþola eru enn ofarlega í huga þeirra og þau muna eftir atburðunum, einnig er reynt að hafa ferlið sem styst þannig að brotþoli geti farið sem fyrst að vinna úr þeim áhrifum sem brotið hafði á hann (O'Connell o.fl., 1999).

Þegar sáttamiðlun er notuð í tengslum við ungmenni spila foreldrar eða forráðamenn stóran þátt. Í slíkum viðræðum koma brotþoli, brotamaður, foreldrar/forráðamaður og aðrir fagaðilar, til að mynda sáttamiðlari, saman og ræða brotið. Þetta gefur brotþola tækifæri til að tjá hvaða afleiðingar brotið hafði á sig sem og aðstandendur sína (Kawalek o.fl. 2002). Til

Þess að slík aðferð virki þurfa allir aðilar að taka þátt og sýna að þeir vilji ná árangri úr þessu. Getur það þó komið til að brotamaður sýni sáttamiðluninni engann áhuga eða slæmt viðhorf en þá er haldið áfram með sáttamiðlun þar sem síðar í ferlinu geta viðhorf og áhugi hans geti breyst (O'Connell, Wachtel og Wachtel, 1999).

Í réttarkerfum eins og við þekkjum þau er lögð mikil áhersla á að brotamaður sé látinn gjalda fyrir brotið og fái í kjölfarið viðeigandi refsingu fyrir. Ungmennni gera sér oft ekki grein fyrir skaðanum sem verður í kjölfar brota sem þau fremja og þar af leiðandi ekki refsingunni sem getur fylgt. Með því að nýta sér uppbyggilega réttvísi eða sáttamiðlun hefur brotamaður minna tækifæri á að fjarlægjast brotinu og þannig taka meiri ábyrgð á gjörðum sínum. Þeir sem yngri eru skortir reynslu og þroska til þess að átta sig á afleiðingum gjörða sinna og eðli refsinga (Jónatan Þórmundsson, 1991).

Kosturinn við sáttamiðlun er að sú aðferð gefur brotþola tækifæri til að segja frá sinni upplifun og þeim skaða sem brotið hafði á hann. Brotþoli og foreldrar/forráðamenn hans fá tækifæri til að spyrja brotamann spurninga um brotið sem slíkt, hvers vegna hann framdi það og lögð er áhersla á að brotþoli nái sáttum og að þessi aðferð skili einstaklingnum út með bættri líðan þar sem brotið getur haft andleg áhrif á einstaklingana sem í hlut eiga (McGarrell, 2001). Ungmennni sem brjóta af sér gera sér oft en ekki grein fyrir því að afleiðingar koma í kjölfar afbrota. Í mörgum tilvikum eru afleiðingarnar andlegar en ekki einungis efnislegar og því er mikilvægt að ungmennið fái samviskubit vegna gjörða sinna. Þetta er talið hafa þau áhrif að brotamaður taki fremur ábyrgð á brotinu og sé líklegri til að brjóta ekki af sér aftur (Braithwaite, 1989/2007).

Það besta sem getur komið út úr sáttamiðlun er að brotamaður taki ábyrgð á brotinu og biðjist afsökunar en það gefur brotþola þær upplýsingar að brotið hafi ekki verið honum að kenna og ekki á hans ábyrgð. Sáttamiðlun getur því reynst ungmennum góð aðferð þar sem brotamaður fær að heyra betur neikvæðu áhrifin sem brotið hafði í för með sér en einnig getur niðurlægingin við að þurfa að játa brotið fyrir framan foreldra eða forráðamenn getur reynst ungmennum erfið og fær þá frekar til að halda sér frá afbrotum í framtíðinni (Hayes, 2007).

Reynt hefur verið að finna nýjar leiðir til þess að bregðast við þeim afbrotum sem framin eru og er uppbyggileg réttvísi (*e. restorative justice*) ein af þeim. Markmiðið með þessari aðferð er að breyta því hvernig samfélög bregðast við glæpum sem og að líta á þá (Hrafnhildur Valdimarsdóttir, 2011). Kenningin um uppbyggilega réttvísi byggist öll á einhvers

konar sáttamiðlun (Michael Wenzel, 2008). Sáttamiðlun, einnig þekkt sem sáttaumleitun (e. *Alternative dispute resolution (ADR)*) er aðferð sem fjallað verður nánar um hér en hún er skilgreind sem aðferð til lausnar ágreinings þar sem aðilar sem koma að máli reyna að leita lausna með hlutlausum sáttamanni. Til eru margar gerðir af sáttamiðlun og hægt er að nota aðferðina á margvíslegan hátt.

Stjórnarráðið gaf út skýrslu um tilraunaverkefnið *Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna árið 2004* (Stjórnarráðið, 2004) og segir þar fram að afbrotatíðni barna og ungmenna hafi færst í aukana á árunum 2000-2004. Þar kemur fram hvaða úrræði voru í boði hérlendis á þeim tíma og hvað hægt var að gera til að efla þau. Lögð var fram tillaga að innleiðingu sáttaumleitunar sem mikið hefur verið notuð á vesturlöndum og hefði það úrræði átt að auka það svigrúm sem ákærvald hefur til að klára mál án saksóknar (Stjórnarráðið, 2004). Einnig hefði það úrræði meðal annars átt að stuðla að auknum forvörnum hvort sem er fyrir börn og ungmenni eða fullorðna einstaklinga (Stjórnarráðið, 2004). Síðustu ár hefur þetta úrræði verið mikið rætt þar sem það getur reynst brotþola gríðarlega erfitt en er í raun mjög gott úrræði fyrir unga einstaklinga sem brjóta af sér þar sem þeir þurfa að horfast í augu við afleiðingar gjörða sinna (Stjórnarráðið, 2004) og eiga þannig auðveldara með að komast aftur út í samfélagið og byrja að vinna í sínum málum. Úrræðið var tekið í notkun árið 2006 og árið 2015 sendi umboðsmaður barna Ólöfu Nordal, þáverandi innanríkisráðherra, bréf sem fjallaði um úrræði barna og mikilvægi sáttamiðlunar. Þar kemur fram að lítið hafi verið um notkun sáttamiðlunar frá 2010 og væri það skref til baka. Það er eins og stjórnvöld séu öll af vilja gerð til að reyna að koma í veg fyrir afbrot meðal ungmenna en kostnaðurinn við forvarnir er hár og mikill tími sem fer í þær, sem hægt væri að nota í annað. En það sem ekki má gleymast er að börnin eru framtíðin og ef við byggjum ekki upp góða og ábyrga einstaklinga frá unga aldri þá mun það bitna á okkur og samfélaginu.

3.3 Aðferðir til að draga úr alvarleika brota

David Matza var Bandarískur félagsfræðingur sem lagði fram kenninguna um hlutleysi (e. *neutralization theory*). David Matza og Gresham Sykes héldu því fram að afbrotamenn sem íhuga að brjóta af sér noti tungumálatakni til þess að hlutleysa glæpinn. Flestir afbrotamenn nota til að mynda afneitun á skaða þar sem afbrotamaður segir sig sjálfan vera fórnarlamb

aðstæðna. Að hann sjálfur sé ekki ábyrgur fyrir gjörðum sínum heldur einhver annar. Annars vegar nota þeir afneitun á skaða. Sá sem brýtur af sér gerir lítið úr gjörðum sínum og viðurkennir þær ekki sem hægt er að túlka sem siðleysi. Þriðja atriðið er afneitun á fórnarlambi. Gerandi heldur því fram að brotápoli hafi verðskuldað glæpinn sem hann framdi. Þetta getur tengst kynhneigð, þjóðerni eða öðru slíku. Fjórða atriðið er að gerandinn sakar lögregluna eða aðra hátt setta um að vera spillt stétt. Þau séu að beita sér gegn honum sem sé óréttlátt og eigingjarnt af þeim. Það síðasta sem fram kemur er að afbrotið hafi verið framið til þess að þóknast öðrum, einhver annar hafi gefið geranda þau fyrirmæli að haga sér svona hugsanlega og það gæti hafa gerst vegna hópþrýstings og að hann hafi alls ekki viljað fremja glæpinn sjálfur (Wickert, C., 2022).

Hlutleysiskenningar hafa öðlast viðurkenningu innan afbrotafræðinnar og hefur þessi kenning verið sett inn í margar almennar afbrotafræðilegar nálganir. Hlutleysingar notkun er breytileg eftir afbrotamönnum og þeim tegundum brota sem framin eru (Wickert, C., 2022). Kenningin um hlutleysi fjallar ekki um alla þá glæpi sem framdir eru en að allir afbrotamenn falli inn í einhverskonar kassa sem auðvelda ætti lögreglu eða öðrum að finna afbrotamenn í hópi fjöldans. Kenningin lýsir hegðun brotamanns eftir að hann hefur framið glæpinn og er því ekki fyrirbyggjandi aðferð eins og kenningar Hirschi og Gottfredson til að mynda. Kenningin gefur okkur þó skýrari mynd af því að hverju sé hægt að leita þegar kemur að því að yfirheyra einstakling sem mögulega hefur framið afbrot og hjálpa allar slíkar kenningar til við það.

Matza og Sykes flokkuðu hlutleysiskenninguna niður í fimm hluta eins og fram kom fyrr í textanum og var farið inn á afneitun skaða í einum þeirra. Horft er til sáttamiðlunar þegar slíkt kemur upp þar sem í því ferli er erfitt að afneita glæpnum. Þar er brotamaður settur á móti brotápoli, eins og til að mynda ef slagsmál eiga sér stað og aðilinn sem byrjaði að slá til neitar að axla ábyrgð. Báðir aðilar eru settir við borð með sáttamiðlara sem er hlutlaus aðili og hjálpar þeim sem eiga hlut að máli að ná sáttum. Þegar að borði er komið reynist erfitt að neita því sem átti sér stað, sérstaklega ef um ungmenni er að ræða en þá eru foreldrar eða forráðamenn einnig viðstaddir í sáttamiðlunarferlinu. Í sáttamiðlun eru þjáningar brotápoli betur teknar inn í myndina og reynist það því brotamanni erfiðara að afneyta skaðanum (Wickert, C., 2022).

4 Niðurstöður

Í ritgerðinni hefur verið fjallað um sáttamiðlun sem úrræði vegna afbrota ungmenna. Sáttamiðlun hefur ekki verið viðurkennd í lögum hér á landi eins og þekktist má í öðrum vesturlöndum. Eins og fram hefur komið gekk tilraunaverkefnið um sáttamiðlun í sakamálum (2006-2008) eða tilraunaverkefnið Hringurinn mjög vel og var mikil ánægja í kringum það verkefni, það hefur þó ekki skilað meiri árangri en svo að dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að útfæra sáttamiðlun og huga að úrræðinu. Sáttamiðlun hentar íslenskum lögum ekki sérlega vel eins og þau eru í dag og þyrfti ýmislegt að breytast einhverju til þess að úrræðið gæti verið útfært á sem bestan hátt. Engar breytingar á lögum hafa enn verið gerðar þó svo að vilji sé fyrir því að nota úrræðið í meira mæli. Ungmenni sem brjóta af sér eiga oft við einhvern vanda að stríða og þá er ekki alltaf rétta leiðin að refsa þeim með hörðum dómum. Heili einstaklinga er enn að þroskast þrátt fyrir að þeir hafi náð 18 ára aldri, sem er sakhæfisaldurinn á Íslandi (Stjórnarráðið, 2009).

Með sáttamiðlun er verið að gefa brotþola og brotamanntækifæri á því að eiga hlut að sínum málum og fá að stjórna ferðinni. Brotamaður fær að svara fyrir brot sitt og taka ábyrgð á gjörðum sínum á meðan brotþoli fær tækifæri á að fá svör við spurningum sínum. Foreldrar/forráðamenn fá tækifæri á að kynnst aðstæðum barna sinna, hjálpa þeim við bataferlið og koma þeim í réttan farveg.

Það sem vakið hefur mikla athygli er að sáttamiðlun er sjaldan á vegum ríkisvalds, heldur á vegum samfélagsins, þar sem samfélagið vinnur saman að því að kenna brotamönnum að fylgja þeim reglum sem settar eru. Sett hafa verið fram þau rök að ástæða þess að sáttamiðlun eigi að vera í höndum samfélagsins en ekki í refsivörslukerfinu sé sú að áhrif samfélags eru sterk á einstaklinginn (Kawalek o.fl. 2002). einstaklingurinn vill síður valda vinum og fjölskyldu vonbrigðum og ákveður því að fylgja viðmiðum og reglum sem settar eru. Skoðaðar verða rannsóknir sem gerðar hafa verið í hinum ýmsu löndum hvað varðar sáttamiðlun í tengslum við afbrot ungmenna. Athugað verður hvort einhver munur sé á fyrirbyggjandi rannsóknum milli landa.

4.1 Rannsóknir á áhrifum sáttamiðlunar

Aðferðin sáttamiðlun hefur mikið verið rannsökuð í tengslum við afbrot og gefa þær rannsóknir til kynna að aðferðin geti haft jákvæð áhrif á brotamann sem og brotaþola (Jonasvan Dijk o.fl., 2020). Skoðaðar verða nýjar rannsóknir og stefnur víðsvegar að úr heiminum, meðal annars rannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi. Hér koma fyrir rannsóknir og stefnur sem unnar hafa verið í hinum ýmsu löndum tengdar sáttamiðlun. Aðferðirnar eru líkar en endamarkmiðið ekki það sama hjá öllum. Aldurshópurinn sem horft er til eru ungir brotamenn á aldrinum 13-21 árs.

4.1.1 Nýja Sjáland

Nýja Sjáland voru með þeim fyrstu til að lögfesta uppbyggilega réttvísi (e. restorative justice) inn í réttarkerfið hjá sér og eru leiðandi í framkvæmd þessarar aðferðar. Í fyrstu var kerfið ekki þekkt sem uppbyggileg réttvísi, heldur aðferð sem leitaði að þátttöku allra þeirra sem komu að brotinu. Aðferðin átti að vinna úr þeim skaða sem kom í kjölfar afbrots og skila betri einstaklingum út í samfélagið (Maxwell og Morris, 2006). Frá 1989 hefur uppbyggileg réttvísi (e. restorative justice) verið notuð í tengslum við afbrot ungmenna í Nýja Sjálandi. Í upphafi mátti einungis sjá aðferðina notaða í tengslum við mál þar sem börn og ungmenni komu við sögu þar sem unnið var með þann skaða sem hafði orsakast eftir að afbrot átti sér stað. Þróðu þeir aðferðina áfram með sáttafundum og árið 2002 var aðferðin innleidd inn í lög. Markmið þeirra var fyrst og fremst að bæta stöðu brotaþola en aðferðin hjálpar einnig brotamanni og samfélaginu að takast á við afbrot ungmenna (Kawalek o.fl. 2002).

Árið 1995 var stofnað félag sem vann með uppbyggilega réttvísi og kallaðist hann „*Te Oritenga*“. Félagið samanstóð af félagsráðgjöfum, lögfræðingum, trúarlegum ráðherrum, kennurum og öðrum sem skipulögðu félagið. Byrjuðu þau á því að bjóða upp á ráðstefnur fyrir félagshópa (Bowen og Boyack, 2003). Ekki löngu eftir að það félag var sett á laggirnar var byrjað með starf sem kallaðist „*Project Turnaround*“. Það verkefni skilaði miklum árangri og fengu þeir áframhaldandi styrk til að koma verkefninu inn í fleiri samfélög í Nýja Sjálandi (Paulin o.fl., 2005). Uppbyggileg réttvísi var í byrjun notuð eingöngu í málum tengdum ungmönnum en hefur þó verið reynt að ýta undir uppbyggilega réttvísi þegar fullorðnir einstaklingar eru bortamenn (New Zealand Ministry of Justice, 2017). Þegar nota á

sáttamiðlun eða uppbyggilega réttvísi í Nýja Sjálandi liggja fyrir góðar og skýrar reglur um það hvernig best sé að útfæra þær aðferðir. Eftir brot þá er farið í fyrst til stjórnar félagsins sem stjórnar málum uppbyggilegrar réttvísi, þeir ráða um hvort einstaklingur sé nógu hæfur til að notfæra sér þessa aðferð (Karp, 2001). Best er að nota slíka aðferð stuttu eftir brot til þess að aðferðin skili sem bestum árangri til allra sem eiga hlut að máli.

Sáttamiðlun og Uppbyggileg réttvísi er samfélagsleg í Nýja Sjálandi en einnig í réttarkerfinu þeirra. Þeir hafa mikla reynslu á úrræðinu og ættu öll samfélög að taka þau sér til fyrirmyndar.

4.1.2 Bandaríkin og Kanada

Árið 2021 var gerð rannsókn í San Francisco Bandaríkjunum . Rannsóknin fjallaði um uppbyggilega réttvísi og sáttamiðlun í tengslum við ungmenni á aldrinum 13-17 ára sem framið höfðu afbrot. Afbrotin voru skilgreind sem miðlungs alvarleg afbrot og voru þau allt frá líkamsárásam, þjófnaði og innbrotum. Þátttakendur rannsóknarinnar voru valdir af handahófu og var rannsóknin unnin á árunum 2013-2019. Hópnum var skipt í tvennt, annars vegar viðmiðunarhópur sem sendur var fyrir dómsdóla og hins vegar hópurinn sem fékk uppbyggilega réttvísi (Yotam o.fl., 2022). Alls voru 143 sem tóku þátt í þessari rannsókn. Af þeim voru 99 sem tóku þátt í uppbyggilegri réttvísi og fengu þeir einstaklingar mál sín felld niður og en 44 sem voru sendir fyrir dómstóla. Alls voru 67% af þeim sem byrjuðu í verkefninu luku því (Shem-Tov, o.fl., 2021).

Þeir einstaklingar sem tóku þátt í uppbyggilegri réttvísi sýndu lægri ítrekunartíðni hvað varðar afbrot fyrstu 6 mánuðina frá síðasta broti (19% af fjöldanum) en viðmiðunarhópurinn var í mun hærra hlutfalli (44% af heildarfjöldanum) (Shem-Tov, o.fl., 2021). Niðurstöður þessarar rannsóknar leiddu því í ljós að sáttamiðlunin, samtalið sem á sér stað milli brotþola og brotamanns um afleiðingar brotsins hafi mun meiri áhrif til lengri tíma sem dregur úr ítrekun afbrota. Margir þátttakendur í verkefninu sem sátu af sér sáttamiðlun gerðu sér betur grein fyrir afleiðingum brosnins, hvaða áhrif það hafði á brotþola sem og þá sjálfa (Shem-Tov, o.fl., 2021) Niðurstöður þessar gefa til kynna að sáttamiðlun og uppbyggileg réttvísi eigi vitaskuld að vera hluti af réttakerfinu, sérstaklega þegar kemur að brotum ungmenna.

Árið 1972 í Elmira, Kanada, var sáttamiðlun beitt eins og við þekkjum hana í dag á tvem ungmennum sem framið höfðu brot eða eyðileggingu á húsum og bílum 22 einstaklinga. Ákveðið var að þeir yrðu ekki fangelsaðir þar sem talið var að slíkt myndi ekki skila sama árangri og að þeir myndu hitta fórnarlömb glæpa sinna. Þeir þurftu að biðjast afsökunar, útskýra hvers vegna þeir frömdu glæpinn og greiða skaðabætur sem leiddi til þess að þeir fengu skilorðsbundinn dóm. Niðurstöðurnar af þessu voru jákvæðar og því ákveðið að halda áfram að nýta þessa aðferð í brotum af þessu tagi (Van Ness o.fl., 2010). Sáttamiðlun var í framhaldinu í höndum samfélagsins, hverfissamtaka og annarra slíkra stofnanna en ekki í hjá refsivörslukerfinu (Kawalek o.fl. 2002). Má segja að þetta verkefni hafi ýtt undir það að fleiri lönd hafi viljað innleiða þessa aðferð inn í sín samfélög. Í byrjun mátti finna verkefnið undir nafninu „sættir brotþola og brotamanns“ (e. victim-offender reconciliation) en í dag þekkjum við það betyr undir heitinu „sáttamiðlun brotþola og brotamanns“ (e. victim offender mediation).

4.1.3 Noregur, Finnland og Danmörk

Norðurlöndin eða Skandínavía var nokkrum árum á eftir Bandaríkjunum í innleiðingu sáttamiðlunar í refsikerfið en þeir hófu rannsóknir á því árið 1980. Nils Christie var norskur afbrotafræðingur sem gaf út grein árið 1977 sem kallaðist „Konflikt som egendom“ eða „ágreiningur sem eign“. Í þeirri grein fjallaði hann um þá kenningu að stjórnvöld steli brotinu af brotþola og að hluteigandinn í afbrotinu eigi ágreininginn. Oft kemur það fyrir að mál sem fara fyrir dómstóla séu alfarið í höndum þeirra. Getur það haft mikil áhrif á brotþola að fá ekkert að segja til um brotið sem framið var á honum og lætur hann upplifa ákveðið stjórnleysi. Sáttamiðlun getur gefið brotþola aftur stjórnina og gefið honum eitthvað að segja um framhald málsins.

Fyrst þjóða á Norðurlöndunum til að innleiða sáttamiðlun inn í réttakerfið hjá sér voru Norðmenn en þeir settu í gang tilraunaverkefni um sáttamiðlun árið 1981. Vildu þeir komast að því hvort hægt væri að finna ný og betri úrræði fyrir ungmenni á aldrinum 14-18 ára sem brjóta af sér. Brotin sem ungmennin höfðu framið voru talin minniháttar, til að mynda minniháttar líkamsárásir, stuldur, brot á eignum annarra og annað slíkt (Stjórnarráðið, 2009).

Allt til ársins 1990 var sakhæfisaldur í Noregi 14 ár sem er heldur ungt ef brotið er talið alvarlegt (Kolbrún Benediktsdóttir (n. 44) 310). Tekin var sú ákvörðun eftir velgengni tilraunaverkefnisins um sáttamiðlun að innleiða sáttamiðlun í norska réttarvörslukerfið. Sett var á laggirnar ákveðið sáttaráð sem halda átti utan um sáttamiðlunina. Þetta ráð starfar utan réttar og voru þetta sjálfbóðaliðar sem lokið höfðu ákveðinni þjálfun, náð lágmarksaldri og taldir geta sinnt hlutverkinu.

Árið 2014 voru sett ný lög um sáttamiðlun þar sem kom fram að þeim skuli beita í sakamálum sem og einkamálum. Í dag hefur aðferðin ekki þróast mikið en er þó enn mikið notuð fyrir ungmenni sem fremja afbrot og eru talin geta lært betur af mistökum sínum með sáttamiðlunar aðferðinni.

Í Noregi og Svíþjóð var leitast eftir aðferðum til að komast að betri niðurstöðum fyrir ungmenni sem fremja afbrot á aldrinum 15-18 ára heldur en hefðbundna refsingu. Svíþjóð hóf tilraunir á sáttamiðlun árið 1987. Þar má finna landssamtök sáttamiðlunar sem stofnuð voru árið 1998 og vinna samtökin að því að halda fræðslu sem og þróa úrræði sem bæta eiga aðstöðu ungra afbrotamanna. Svíþjóð hefur reynt að vinna mörg verkefni tengd sáttamiðlun en fá af þeim hafa gengið upp vegna skorts á fjármagni sem og óskýrum skilaboðum varðandi framkvæmd sáttamiðlunar (Karen Kristin Paus, 2015). Munurinn á Noregi og Svíþjóð þegar kemur að sáttamiðlun er sú að í Svíþjóð er aðeins hægt að vísa málum til sáttamiðlara ef brotamaður hefur verið kærður fyrir brot sitt (Karen Kristin Paus, 2015).

Finnland hefur haft lög um sáttamiðlun síðan 2006. Líkt og hin Norðurlöndin þá leggur Finnland einnig áherslu á unga afbrotamenn sem framið hafa skemmdarverk, minniháttar líkamsárásir eða þjófnað sem brot. Sáttamiðlun er ferli sem félagsmálaráðuneytið í Finnlandi hefur yfirsýn með (166 sama heimild 311) og er frítt úrræði þar í landi en eftir að slíkur fundur hefur farið fram er tekin ákvörðun um hvort refsing sé tekin fyrir eða málið fellt niður. Finnland hefur náð gríðarlegum árangri með sáttamiðlun og eru um 12.000 af 60.000 málum sem tekin eru fyrir á ári er lokið með þeirri aðferð sem er mjög hátt hlutfall. Helsti munurinn á Finnlandi og hinum Norðurlöndunum hvað varðar sáttamiðlun er það að sáttamiðlun er ekki bundin ákveðnum aldurshópi og þau nota úrræðið einnig fyrir meiriháttarbrott sem hin löndin hafa verið röð við að gera (Ragnheiður Harðardóttir o.fl. (n. 46) 11.).

Í Danmörku er unnið að verkefnum tengdum sáttamiðlun. Árið 1995 var fyrsta tilraunaverkefnið þar í landi gert og var verkefnið hluti af stærra verkefni sem fjallaði um

ofbeldi þar sem þau mál voru leyst með sáttamiðlun. Eins og í hinum löndunum var verkefninu beint að ungmennum en nú að aldrinum 15-21 árs sem voru í fyrsta skipti að brjóta af sér. Verkefnið gekk illa og var sáttamiðlun aðeins notuð í 4 málum sem tekin voru fyrir. Árið 1998 ákváðu þeir þó að reyna aftur og settu fram ný lög sem áttu að bæta stöðu brotþola. Síðan þá hefur Danmörk verið eitt af fremstu Norðurlöndunum í beitingu sáttamiðlunar hvað varðar bættu stöðu og réttindi brotþola. Í Danmörku er ekki einungis hægt að beita sáttamiðlun sem refsing við afbroti heldur er það talið vera góð viðbót við saksókn. Þó geta niðurstöður sáttamiðlunar haft áhrif á það hvort og þá hvaða refsing verði fyrir valinu.

4.1.4 Ísland

Árið 2001 tók Ísland þátt í verkefni í tengslum við sáttamiðlun. Ungmennum á aldrinum 13-15 ára sem brotið höfðu af sér var boðið að taka þátt í verkefninu. Var þetta verkefni samvinnuverkefni á milli Miðgarðs sem er fjölskylduþjónusta í Grafarvoginum og Lögreglunnar í Reykjavík (innanríkisráðuneytið, 2004). Verkefnið var unnið út frá hringvinnu (e. restorative justice circle) og átti það að komast að betri lausnum fyrir unga afbrotamenn sem ekki höfðu náð sakhæfisaldri. Ungmenninn áttu að fá gott tækifæri til að bera ábyrgð á broti sínu sem og finna fyrir samkennd, sem sáttamiðlun á að skila til einstaklings. Úrræðið átti einnig að stuðla að stuðla að auknum forvörnum hvort sem það var fyrir börn og ungmenni eða fullorðna einstaklinga (Stjórnaráðið, 2004). Síðustu ár hefur sáttamiðlun verið mikið rædd þar sem hún það getur reynst brotþola gríðarlega erfið en er í raun mjög gott úrræði fyrir unga einstaklinga sem brjóta af sér þar sem þeir þurfa að horfast í augu við afleiðingar gjörða sinna (Stjórnaráðið, 2004) og eiga þannig auðveldara með að komast aftur út í samfélagið fyrir og byrja að vinna í sínum málum (Stjórnaráðið, 2004).

Niðurstöður rannsóknarinnar um sáttamiðlun hér á landi leiddu það í ljós að sáttamiðlun gæti skilað góðum árangri ef hún væri nýtt í málum ungmenna. Ákveðið var að halda í 2 ára verkefni þar sem sáttamiðlun mætti nú vera notuð fyrir einstaklinga sem náð höfðu sakhæfisaldri og ætti sáttamiðlun að koma í stað refsingar þar sem saksókn kæmi ekki til sögunnar í venjulegri mynd.

Ungmennum á aldrinum 14-18 ára sem brotið höfðu af sér var boðið að taka þátt í tilraunaverkefninu. Embætti lögreglustjórans í Reykjavík, þekkt í dag sem lögreglustjórinn á

höfuðborgarsvæðinu var fyrsta embættið sem átti að innleiða aðferðina sáttamiðlun hér á landi. Eftir tilraunaverkefnið var settur verkferill á laggirnar hvernig vinna mætti með sáttamiðlun í tengslum við afbrot ungmenna og átti sáttamiðlun aðeins að koma til sögunar eftir að brot hefði verið kært til lögreglu (Stjórnarráðið, 2004).

Ísland ákvað að innleiða ekki sáttamiðlun inn í lögin eins og flest önnur lönd gerðu en þó nætti notfæra sér lagaaðstoð f- lið 2. mgr. 113. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 (179 sama heimild 40–43). Sáttamiðlun hafði lítið sem ekkert verið tekin fyrir eftir að verkefninu lauk og það var ekki fyrr en 2020 þegar dómismálaráðherra skipaði í nefnd sem ætti að útfæra nánar fyrirkomulag sáttamiðlunar í tengslum við sakamál. Hlutverk nefndarinnar var að halda utan um sáttamiðlun í sakamálum og stytta langan lista sem fullur er af brotamönnum sem bíða afplánunar refsinga. Eins og staðan er í dag hentar sáttamiðlun ekki þeim lögum sem liggja fyrir hér á landi en nýtt frumvarp bíður meðferðar hjá Alþingi sem breyta gæti miklu þar sem það gæti komið í stað hefðbundinnar saksóknar sem flýtt gæti fyrir stöðu mála. Passa þarf þó í lögum að skilgreina hugtakið sáttamiðlun og í hvaða aðstæðum megi nota slíka aðferð þar sem ekki má ofnota hana og einnig er hætta á að þolendur brota séu fremur hvattir til að draga kæru til baka eða jafnvel ekki kæra brotamann (199 Alpt. 2021-2022, A-deild, þskj. 665-460. mál, kafli 3.6. í greinagerð).

4.2 Rök með og á móti sáttamiðlun

Helstu kostir sáttamiðlunar eru að hún hefur jákvæð áhrif á þolanda, geranda og samfélagið. Brotapoli fær að taka þátt í ákvörðun um hvernig máli er lokið sem getur haft áhrif á bataferli hans (Stjórnarráðið, 2009). Aðilar sem eiga hlut að máli taka þátt í að finna lausn ágreinings. Sáttamiðlun hugar betur að þolendum en þekkist er í flestum öðrum meðferðum þegar farið er í gegnum réttarkerfið. Í sáttamiðlun þarf gerandi að sitja á móti þolanda og útskýra hvers vegna hann braut á honum og mega þolandi og aðstandendur spyrja geranda spurninga. Þannig fær þolandi svör sem hann hefði að öllum líkindum ekki gert ef öðrum aðferðum hefði verið beitt (Stjórnarráðið, 2009).

Sáttamiðlun nýtist ákærvaldinu vel þar sem mikill þungi af málum sem bíða úrskurðar gætu nýtt sér sáttamiðlun og því farið aðrar leiðir í réttakerfinu.

Þegar sáttamiðlun er beitt í málum þar sem ungmenni koma við söguna hafa einhverjir deilt um ágæti þess þar sem ekki sé gott að spila með samvisku þeirra (McGarrell, 2001). Taka þarf fram alvarleika brotsins og áhrifin sem það hafði bæði á brotþola sem og fjölskyldu hans. Sáttamiðlun á að vera uppbyggileg og á því ekki hvorki að hafa slæmar afleiðingar fyrir brotamann né brotþola (Kawalek o.fl. 2002).

Hægt er að finna ótal marga kosti við aðferðina sáttamiðlun en eins og með allt annað eru ókostir við þessa aðferð. Gæti sú aðstaða komið upp að annar aðili sé mun sterkari en hinn og hafi því meira að segja með það hverjar niðurstöðurnar verði, sem gæti endað þannig að þolandi fái ekki það sem hann vill úr sáttamiðluninni (Stjórnarráðið, 2009). Sá sem situr sem sáttamaður gæti spilað inn sínum persónulegu skoðunum varðandi málið en hægt er þó verið að koma í veg fyrir slíkt með því að þjálfar sáttamenn í ákveðnum aðferðum og þurfa þeir einhverskonar menntun til að sinna hlutverkinu, því ætti þetta ekki að koma oft fyrir, en það eru þó allir mannlegir.

4.3 Niðurstöður rannsókna

Til þess að kanna betur áhrif sáttamiðlunar á brotamann og brotþola, þarf að bera saman niðurstöður fyrirliggjandi rannsókna. Slíkar rannsóknir kallast safnrannsóknir (e. meta-analysis). Niðurstöður rannsókna um áhrif sáttamiðlunar fyrir brotþola og brotamenn sem gerð var árið 2005, út frá eldri rannsóknum, leiddu í ljós jákvæða upplifun brotamanna sem og brotþola og mátti sjá ítrekunartíðni afbrota lækka. Mátti sjá fleiri brotamenn vilja gera betur í lífinu eftir sáttamiðlunarferli (Jeff o.fl., 2005). Ekki eru allir hæfir til þess að taka þátt í sáttamiðlun og getur margt spilað inn í eins og hegðun einstaklinga, persónuleikaröskun, lítil eða engin sjálfstjórn. og annað slíkt.

Niðurstöður rannsókna sem teknar voru fyrir hér í verkefninu leiða allar í ljós að sáttamiðlun skili góðum árangri fyrir ungmenni sem leiðast út í afbrot. Öll löndin, nema Ísland, sem tekin voru fyrir hafa innleitt sáttamiðlun inn í réttarkerfin sín og bjóða upp á slíkt í stað þess að fara í gegnum réttarkerfið. Sjá má að sáttamiðlun skili góðum árangri fyrir þá einstaklinga sem notfærðu sér það úrræði. Fylgjendur sáttamiðlunar fullyrða að það sé mun betra og auðveldara að fá fólk til gera eitthvað sem það hefur samþykkt frekar ein eitthvað sem það er þvingað til að gera (Johnstone, 2002/2006).

Sáttamiðlun reynist þeim sem brjóta af sér í fyrsta skipti góð, þar sem þeir hafa ennþá tækifæri á að bæta sig og breyta um stefnu í lífinu. Sáttamiðlun getur verið góð fyrir ungmenni sem brjóta af sér en ekki er hægt að alhæfa um að það reynist öllum vel, og að aðferðin komi ekki í stað lagakerfisins eins og við þekkjum það í dag í vestrænum ríkjum (Cunnen, 2007).

5 Samantekt og niðurlag

Unga kynslóðin er mikilvæg fyrir þróun samfélaga, þar sem framtíðin byggist á henni. Mikil þörf er á því að finna betri úrræði fyrir ungmenni sem leiðast út í afbrot hér á landi þar sem afbrotum meðal þessa hóps hefur fjölgað síðastliðin ár (Ríkislögreglustjóri, 2016). Þeir einstaklingar sem leiðast út í afbrot eiga að öllum líkindum við einhvern vanda að stríða og oft getur sá vandi verið tilfinningalegur og mikilvægt er að grípa inn í aðstæður sem fyrst og beina þeim á aðra braut en þeir eru á. Því fyrr sem gripið er inn í, því líklegra er að árangur náist (McGarrell, 2001). Með því að skoða fyrirliggjandi rannsóknir mátti komast að þeim niðurstöðum að þeir einstaklingar sem fara í gegnum það ferli sem felur í sér uppbyggilega réttvísi eða sáttamiðlun voru ólíklegri til þess að brjóta af sér aftur en þeir einstaklingar sem fóru hefðbundnu leiðina í gegnum réttarkerfið.

Vekja má athygli á að því yngri sem einstaklingarnir eru þegar þeir brjóta af sér fyrst, því líklegri eru þeir til að brjóta af sér aftur seinna (McGarrell, 2001). Uppbyggileg réttvísi eða sáttamiðlun kemur þó ekki í veg fyrir það að einstaklingar brjóti af sér aftur en hún hjálpar þeim einstaklingum sem í hlut eiga að skilja betur aðstæður og mögulega læra af þeim og ákveða að gera slíkt ekki aftur (Kawalek o.fl. 2002).

Í ritgerðinni var leitast eftir svörum við áhrifum sáttamiðlunar fyrir ungmenni sem leiðst hafa út í afbrot. Komist var að þeirri niðurstöðu að sáttamiðlun getur skilað góðum árangri í tengslum við afbrot ungmenna ef hún er notuð fljótt eftir að brotið á sér stað. Sáttamiðlun getur haft góð áhrif á brotamann og brotþola þar sem brotþoli fær svör við spurningum sínum og meiri innsýn inn í þann atburð sem átti sér stað, sem mögulega hefði ekki fengist með því að fara hefðbundnu leiðina í gegnum réttarkerfið. Sáttamiðlun er hægt að nota meira í tengslum við ungmenni, fyrst og fremst í brotamálum en einnig þegar upp kemur ágreiningur í skólum, því fyrr sem börn læra að bera ábyrgð á því sem þau gera af sér, því betra. Sáttamiðlun er fyrst og fremst þannig að einstaklingur tekur ábyrgð á gjörðum sínum, lærir af því og gerir slíkt mögulega gerir aldrei aftur. Sáttamiðlun hefur jákvæð áhrif á brotamann, brotþola, fjölskyldu beggja aðila sem og samfélagin sjálf. Mikilvægt er að setja

góðar reglur um það hvernig eigi að beita sáttamiðlun svo ferlið skili sem bestum árangri fyrir alla. Sem fullorðnir einstaklingar eigum við mun auðveldara með að skilja rétt frá röngu og finna til samkenndar, það er því okkar að kenna yngri kynslóðum það. Hægt er að kenna sáttamiðlun eða uppbyggilega réttvísi frá ungum aldri og er það í höndum foreldra en einnig skólayfirvalda að kenna börnunum á viðmið samfélagsins. Tel ég sáttamiðlun geta haft jákvæð áhrif á samfélagið þar sem þau ungmenni sem brjóta af sér fá betra tækifæri til að læra af brotinu og axla ábyrgðar.

Heimildir

- Alþingi. (2. júní 1992). Lög um vernd barna og ungmenna. Lög nr. 58. Þingskjal 1064, 115. löggjafarþing 422. mál: vernd barna og ungmenna (heildarlög).
<https://www.althingi.is/altext/stjt/1992.058.html>
- Bowen, H. og Boyack, J. (30. ágúst 2003). Adult restorative justice in New Zealand/Aotearoa. Restorative justice trust. Aucklan, New Zealand. Sótt af:
https://www.iirp.edu/images/pdf/nl03_bowenboyack.pdf
- Braithwaite, J. (2007). Crime, shame and reintegration. Bandaríkin: Cambridge University Press (frumútgáfa 1989).
- Cunnen, C. (2007). Reviving restorative justice traditions? Johnstone, G. og Van Ness, D. W. (ritstjórar), *Handbook of Restorative Justice* (bls. 113-131). Cornwall: Willan Publishing.
- Criminal justice. (ekkert ártal). Criminology theories.
<https://criminal-justice.iresearchnet.com/criminology/theories/>
- Criminology. (2018). Understanding Criminology Theories.
<https://www.criminology.com/understanding-criminology-theories/>
- Gade, Christian B.N. (30. júlí 2020). Is restorative justice punishment?
DOI: 10.1002/crq.21293
- Gottfredson, M.R., og Hirschi, T. (1990). Self-Control as General Theory of Crime. *Journal of Quantitative Criminology*, vol. 7, nr. 2.
- Hayes, Nóirín. (2007). Perspectives on the Relationship between Education and Care in Early Childhood. National council for curriculum and assessment.
https://www.curriculumonline.ie/getmedia/f9fda0a5-bf83-4e76-9588-44ef32b6015e/ECSEC05_Exec1_Eng.pdf
- Farrington, David P. (2019). The development of violence from age 8 to 61.
<https://doi.org/10.1002/ab.21831>
- Gavrielides, T. (2020). Restorative Justice Theory and Practice: Addressing the Discrepancy (Útgáfa 2). DOI: 10.13140/RG.2.2.31927.80808

Helgi Gunnlaugsson. (17. mars 2023). Af hverju fremja Íslendingar afbrot?. Vísindavefurinn.
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3246>

Helgi Gunnlaugsson og Margrét Valdimarsdóttir. (2023). Óbirt rannsókn

Hrafnhildur Valdimarsdóttir. (2011). Uppbyggileg réttvísi - Meistararitgerð til ML prófs í lögfræði -
https://skemman.is/bitstream/1946/13448/1/Hrafnhildur_Valdimarsdottir_lokaritgerdhaust2011.pdf

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. (13. október 2020). Ofbeldi ungmenna. Sótt af:
<https://www.logreglan.is/fraedsla/ofbeldi/ofbeldi-ungmenna/>

Jeff L, Craig D og Danielle M. (2005). „The effectiveness of Restorative Justice Practices: A MetaAnalysis“ . Prison Journal

Jonas-van Dijk, J., Zebel, S., Claessen, J. og Nelen, H. (2020). Victim–Offender Mediation and Reduced Reoffending: Gauging the Self-Selection Bias. DOI:10.1177/0011128719854348

Johnstone, G. (2006). *Restorative Justice: Ideas, Values, Debates*. Portland:Willan Publishing (frumútgáfa 2002).

Jónatan Þórmundsson. (1991) Sakhæfi. Úlflyótur, 3.tbl 1991. Bls. 277-297.

Kathleen Daly. (ágúst 2004). A tale of two studies: Restorative justice from a victim's perspective. School of criminology and criminal justice.
DOI: 10.4324/9781843926429

Margrét Helga Erlingsdóttir. (25. apríl 2023). „Ólöf Ásta Farestveit: *Börn eru alltaf börn þótt málin séu grafalvarleg*“. Vísir.is. Sótt af: <https://www.visir.is/g/20232406675d/-born-eru-alltaf-born-thott-malin-seu-grafalvarleg->

McGarrell, Edmunds F. (ágúst 2001). Restorative justice conferenves as an early response to young offenders.
<https://ojjdp.ojp.gov/library/publications/restorative-justice-conferences-early-response-young-offenders>

Karen Kristin Paus. (2. september 2015). NATIONAL MEDIATION SERVICE (NMS) – Norway Restorative justice – a humane and awarding response to crime. Sótt af

https://violenceagainstchildren.un.org/sites/violenceagainstchildren.un.org/files/expert_consultations/stranghtening_communities/field_visit_presentationkaren_kristin_paus_mediation_service.pdf

Karp, David R. og Breslin, Beau. (desember 2001). Restorative justice in school communities. DOI: <https://doi.org/10.1177/0044118X0103300200>

Kawalek, A., Edwards, M. og Best, D. (2019). *Recovery and Restorative Justice: Systems for Generating Social Justice*. In: Routledge International Handbook of Restorative Justice DOI: <https://doi.org/10.4324/9781315613512>

Mark. S. Umbreit. (1998). Restorative Justice Through Victim-Offender Mediation: A Multi-Site Assessment. *Western Criminology Review* (Útgáfa 1). <https://www.ojp.gov/ncjrs/virtual-library/abstracts/restorative-justice-through-victim-offender-mediation-multi-site>

Marshall, Tony E. (1990). Restorative justice: An overview. http://www.antonioacasella.eu/restorative/Marshall_1999-b.pdf

Maxwell, Gabrielle og Morris, Allison. (10. maí 2006). Youth Justice in New Zealand: Restorative Justice in Practice? DOI: <https://doi.org/10.1111/j.1540-4560.2006.00449.x>

Michael Wenzel, T. G. (2008). Retributive and Restorative Justice. *Law and Human Behavior*, 32(5), 375-389.

New Zealand Family Violence Clearinghouse. (13. september 2021). New report on restorative justice for family violence; Ministry of Justice reviewing Restorative Justice service. Sótt af <https://nzfvc.org.nz/news/new-report-restorative-justice-family-violence-ministry-justice-reviewing-restorative-justice>

O'Connell, T., Wachtel, B., & Wachtel, T. (1999). *The conferencing handbook*. Pipersville, PA: The Piper's Press. (Blaðsíður 31-35).

Perrone, D., Sullivan, C. J., Pratt, T. C. og Margaryan, S. (2004). Parental efficacy, self-control, and delinquency: A test of a general theory of crime on a nationally representative sample of youth. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 48(3), 298-312. Doi:10.1177/0306624X03262513.

Ríkislögreglustjóri, Margrét Herdís Jónsdóttir ritstjóri.. (júní 2017). *Ársskýrsla 2016, starfsemi og rekstur*.

https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2017/06/%C3%81rssk%C3%BDrsla-RLS-2016-8.6_LOKA.pdf

Shem-Tov, Y., Raphael, S. og Skog, A. (ágúst 2021). Can restorative justice conferencing reduce recivism? Evidence from the make-it-right program. National Bureau of Economic Research. Sótt af: <https://www.nber.org/papers/w29150>

Stjórnarráð Íslands. (25. maí 2004). Nýjar leiðir vegna afbrota ungmenna. Sótt af: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2004/05/25/Nyjar-leidir-vegna-afbrot-ungmenna>

Stjórnarráðið (21. apríl 2004). Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna. Sótt af: https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Nyjar_leidir_vegna_afbrot_ungmenna.pdf

Tibbetts, S. G. og Hemmens, C. (2014). *Criminological Theory* (2. útgáfa). Sage Publication.

Tierney, John. (11. desember 2012). For lesser crimes, rethinking life behind bars. N.Y.TIMES. Sótt af: <https://www.nytimes.com/2012/12/12/science/mandatory-prison-sentences-face-growing-skepticism.html>

United Nations. (Engin dagsetning). Restorative Justice. Office on drugs and crime, UN. Sótt af: <https://www.unodc.org/unodc/es/justice-and-prison-reform/cpcj-restorative-justice.html>

Vésteinn Örn Pétursson. (23. apríl 2023). „Það þarf ekki nema eina hnífstungu“. Vísir.is. Sótt af: https://www.visir.is/g/20232405600d/hopar-ung-menna-virdist-telja-edli-legra-en-adur-ad-bera-og-beita-vopnum?fbclid=IwAR3EexC7ldPgnOzykC_7LBQ0fdIKBEJY_t-EXIWTGDP2einQ4htqxW_2CFA

Yotam, S.T., Raphael, S. og Skog, A. (janúar 2022). Can restorative justice conferencing reduce recidivism? Evidence from the Make-it-Right program. <https://www.nber.org/papers/w29150>

W. Van Ness, D., Heetdereks Strong, K., Derby, J. og Parker, L. (2022). Restoring Justice: An Introduction to restorative justice. DOI: <https://doi.org/10.4324/9781003159773>

Paulin, J., Kingi, V. og Lash, B. (janúar 2005). Wanganui community - Managed restorative justice programme: An evaluation.

Sótt af: <https://www.ojp.gov/ncjrs/virtual-library/abstracts/wanganui-community-managed-restorative-justice-programme-evaluation>

Wiatrowski, M. D., Griswold, D. B., og Roberts, M.K. (1981). Social Control Theory an Delinquency. American Sociological Association.

<https://www.jstor.org/stable/2094936>

Wickert, C. (2022, 18. apríl). *Techniques of neutralization*. Sotheo.

<https://soztheo.de/theories-of-crime/learning-subculture/techniques-of-neutralization-sykes-und-matza/?lang=>

World Health Organization. (8. júní 2020). Youth violence. Sótt af:

<https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/youth-violence>

